

MENNTAVÍSINDASVIÐ

ÞROSKAÞJÁLFAFRÆÐI



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Viltu stuðla að jöfnum réttindum, sjálfstæðu lífi og fullri þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu?

Þroskaþjálfar starfa á öllum sviðum mannlífsins með það að leiðarljósi að styðja og efla samfélagslega þátttöku fatlaðs fólks og gæta hagsmuna þeirra. Mannréttindi og mannréttindabarátta er kjölfestan í störfum þeirra sem og fjölbreytilegar leiðir við að aðstoða og efla fatlað fólk. Starfsvettvangur þroskaþjálfara er mjög fjölbreyttur. Þeir starfa annars vegar í þjónustu við börn og unglinga með fötlun og fjölskyldur þeirra og hins vegar í þjónustu við fullorðið fatlað fólk.

Nám í þroskaþjálfarafræði miðar að því að nemendur öðlist sérfræðisþekkingu og hæfni til þess að veita fötluðu fólki fjölbreytilega þjónustu og ráðgjöf í samfélaginu í þeim tilgangi að styðja við fullgilda samfélagsþátttöku þeirra, jafnrétti og lífsgæði á við aðra. Meginfræðasvið í náminu eru þroskaþjálfarafræði, fötlunarfræði, félagsfræði, þroskasálfræði og siðfræði. Nemendur kynnast þróun kenninga og hugmynda um fötlun og fá innsýn í nýjar íslenskar og erlendar rannsóknir og áherslur í búsetu-, atvinnu-, skóla- og fjölskyldumálum.

Við skipulag námsins er tekið mið af nýjustu stefnum, straumum, rannsóknum og vinnubrögðum í málefnum fatlaðs fólks. Þar ber sérstaklega að nefna fötlunarfræði sem er meginfræðigrein í þroskaþjálfaranámi. Enn fremur er lögð rík áhersla á að nemendur þekki lagalegan rétt fatlaðs fólks og þá mannréttindasáttmála sem móta þjónustuna. Sú sýn er höfð að leiðarljósi að nemendur upplifi sig að námi loknu sem sterka fagmenn sem byggja starf sitt á fram-sæknum fræðilegum grunni. Um er að ræða viðurkennda sérþekkingu sem miðar að því að skapa fötluðu fólki eðlilegt og sjálfstætt líf í samfélagi fyrir alla. Áhersla er lögð á að þroskaþjálfar búi yfir þekkingu og hæfni til þess að rökstyðja fræðilegar sem faglegar úrlausnir í starfi. Jafnframt því að þeir upplifi sig sem leiðandi afl til hagsbóta fyrir fatlað fólk.

Nánari upplýsingar á www.mennta.hi.is

BA-nám

Þroskaþjálfarafræði til BA-gráðu er 180 eininga fræðilegt og starfs-tengt grunn nám sem skiptist í eftirfarandi hluta:

- » Almennur þekkingargrunnur (55e)
- » Tengsl fræða og vettvangs (90e)
- » Val (25e)
- » Lokaverkefni (10e)

Almennur þekkingargrunnur samanstendur af þeim námskeiðum sem sérfræðistarf þroskaþjálfans hvílir á. Í því skyni er fötlunarfræði kynnt sem eitt af meginfræðasviðum þroskaþjálfara. Önnur svið eru félagsfræði, siðfræði og þroskasálfræði. Auk þess falla þar undir vinnulag í háskólanámi og aðferðarfræði sem eru nauðsynlegur grunnur fyrir fræðileg vinnubrögð. Í námskeiðum sem fjalla um tengsl fræða og vettvangs gefst nemendum kostur á að tengja fræðasviðin við væntanlegan starfsvettvang í ljósi starfsábyrgðar og hugmyndafræði fagstéttarinnar. Hluti þess er vettvangsnám og geta nemendur þar kynnst starfi annað hvort með börnum og unglingum og fjölskyldum þeirra eða þjónustu við fullorðið fólk. Sá hluti náms sem snýr að valnámskeiðum gefur nemendum kost á að hvoru tveggja dýpka þekkingu sína og tileinka sér viðbótarþekkingu í faginu. Í vinnu við lokaverkefni þjálfara nemendur sig í vísindalegri aðferð og beitingu fræðilegra vinnubragða.



Fjölbreyttir möguleikar á meistaranámi eru í boði að loknu BA-prófi í þroskaþjálfarafræði. Á Menntavísindasviði er hvoru tveggja boðið upp á starfstengt og rannsóknartengt MA-nám í þroskaþjálfarafræðum. Auk þess eru möguleikar á meistaranámi í fötlunarfræði, sérkennslu, opinberri stjórnsýslu, félagsráðgjöf og náms- og starfsráðgjöf. Miðað er við að þeir sem teknir eru inn í meistaranám hafi lokið BA-prófi með fyrstu einkunn.

Meistaránám

Markmið meistaranámsins er að gefa þroskaþjálfum sem lokið hafa grunnnámi í þroskaþjálfarafræðum til BA-gráðu eða öðru sambærilegu námi kost á að dýpka þekkingu sína og auka færni sína á fjölbreytilegum fag- og fræðisviðum í málaflokkum fatlaðs fólks. Námið hentar einnig þeim sem vilja dýpka þekkingu sína í rannsóknnum og fræðistörfum, til dæmis í þeim tilgangi að undarbúa sig undir doktorsnám. Hægt er að velja um tvö kjörsvið þ.e. rannsóknamiðað og starfstengt kjörsvið. Á rannsóknamiðuðu kjörsviði er nemendum gefinn kostur á að sérhæfa sig í rannsóknnum á vettvangi fatlaðs fólks. Á starfstengdu kjörsviði er markmiðið að nemandi geti undirbúið sig undir að leiða umbóta- og þróunarstarf og styrkt sig á starfsvettvangi sínum.

Birna Rebekka Björnsdóttir

brautskráð úr þroskaþjálfaranámi
vorið 2011



„Skemmtilegt og krefjandi nám sem veitir góða innsýn í stöðu fatlaðs fólks og varpar ljósi á fjölbreyttan starfsvettvang þroskaþjálfara. Námið veitti mér kraft til að takast á við þær áskoranir sem felast í að ryðja samfélagslegum hindrunum úr vegi á spennandi tímamótum þegar fatlað fólk gerir kröfu um sjálfstætt líf og fulla samfélagsþátttöku.“

Viðbótardiplóma í þroskaþjálfarafræði

Viðbótardiplóma í þroskaþjálfarafræði er 30 eininga nám á meistara-stigi sem er hugsað fyrir þær starfsstéttir sem starfa með fötluðu fólki. Má sem dæmi nefna þroskaþjálfara, leik- og grunnskólakennara, tómstunda- og félagsmálafræðinga eða uppeldis- og menntunarfræðinga. Í náminu er lögð áhersla á að nemendur öðlist dýpri þekkingu og innsæi á starf sitt og kynna fyrir nemendum nýjungar í þjónustu við fatlað fólk hér á landi. Að loknu námi geta nemendur sótt um inngöngu í meistaranám í þroskaþjálfarafræði til MA-prófs.

MENNTAVÍSINDASVIÐ

Menntavísindasvið menntar kennara fyrir öll skólastig, uppeldis- og menntunarfræðinga, íþrótt- og heilsufræðinga, tómstunda- og félagsmálafræðinga og þroskaþjálfara. Við Menntavísindasvið er litið á nemendur sem samstarfsfólk og lögð áhersla á samvinnu og góð tengsl milli nemenda og kennara. Einkunnarorð sviðsins eru *Alúð við fólk og fræði*.

Á Menntavísindasviði eru þrjár deildir:

Íþrótt-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild

Kennaradeild

Uppeldis- og menntunarfræðideild

Tengsl við starfsvettvang

Lögð er rík áhersla á tengsl við væntanlegan starfsvettvang og nemendur fara í starfsþjálfun í skólum og öðrum stofnunum samfélagsins. Nám á Menntavísindasviði er ýmist staðbundið, fjarnám eða sveigjanlegt.

Umsóknir og inntökuskilyrði

Sótt er rafrænt um nám á www.hi.is. Umsækjendur um grunnnám þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða ígildi stúdentsprófs. Umsækjendur um meistaranám þurfa að hafa lokið grunnnámi með fyrstu einkunn.

Menntavísindasvið hefur aðsetur í Stakkahlíð, Skipholti og Bolholti í Reykjavík og á Laugarvatni.



HÁSKÓLI ÍSLANDS MENNTAVÍSINDASVIÐ

Stakkahlíð
105 Reykjavík

Sími 525 5950

menntavisindasvid@hi.is
www.mennta.hi.is